




MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgotu 4 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is menntamálaráðuneyti.is



Reykjavíkurborg
Ráðhúsinu
101 Reykjavík

Reykjavík 1. nóvember 2019

Tilv.: MMR19110005/2.3.11-

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp til þess að gera tillögur um þjódarleikvang fyrir innanhússípróttir. Í gildi er ný reglugerð nr. 388/2018 um þjódarleikvanga. Starfshópnum er ætlað vinna forvinnu sem upplýsir betur hvernig ber að vinna eftir reglugerðinni, afla upplýsinga um þarfir fyrir mannvirki til lengri tíma og greina mögulega nýtingu mannvirkja sem fyrir eru eða hvort ný mannvirki þarf til þess að geta staðið fyrir alþjóðlegum keppnum. Einnig er mikilvægt að skoða kostnað ríkis og Reykjavíkurborgar vegna þeirra mannvirkja sem hafa verið til umræðu.

Mælst er til þess að starfshópurninn ljúki störfum eigi síðar en 1. febrúar nk.


Þess er hér með óskað að Reykjavíkurborg tilnefni tvo fulltrúa í starfshópinn.

Vakin er athygli á 15. grein laga nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla til setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti greiðir ekki sérstaklega fyrir störf í starfshópnum.

Mælst er til þess að tilnefningin berist ráðuneytinu hið fyrsta og eigi síðar en 15. nóvember nk. Vinsamlegast látið kennitölu, heimilisfang og netfang tilnefndra aðila fylgja. Ef svar sendist ráðuneytinu í tölvuskeyti þá vinsamlegast sendið á **postur@mrn.is**.

Fyrir hönd ráðherra


Óskar Þór Ármannsson


Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir

Fylgiskj.: Drög að erindisbréfi starfshópsins.

Drög að erindisbréfi fyrir Þjóðarleikvang fyrir innanhússípróttir.

Mennta- og menningarmálaráðherra hefur ákveðið að skipa starfshóp til þess að gera tillögur um þjóðarleikvang fyrir innanhússípróttir. Í gildi er ný reglugerð nr. 388/2018 um þjóðarleikvanga. Starfshópnum er ætlað vinna forvinnu sem upplýsir betur hvernig ber að vinna eftir reglugerðinni, afla upplýsinga um þarfir fyrir mannvirki til lengri tíma og greina mögulega nýtingu mannvirkja sem fyrir eru eða hvort ný mannvirki þarf til þess að geta staðið fyrir alþjóðlegum keppnum. Einnig er mikilvægt að skoða kostnað ríkis og Reykjavíkurborgar vegna þeirra mannvirkja sem hafa verið til umræðu.

Vinna starfshópsins felst í eftirfarandi:

1. Fara yfir reglugerð 388/2018 og skíra markmið hennar og umsóknarferli
2. Greining á þörf fyrir ípróttamannvirki fyrir ípróttasambönd vegna þátttöku í alþjóðlegum keppnum.
3. Skilgreina hvers konar ípróttamannvirki þörf er á.
4. Skoða möguleika á að nýta eignir sem fyrir eru.
5. Hver er stofnkostnaður eða breytingakostnaður vegna slíks mannvirkis.
6. Hver er áætlaður rekstrarkostnaður ípróttamannvirkis.
7. Kostnaðarskipting á milli ríkis og sveitarfélags.
8. Hver er æskileg staðsetning?
9. Er möguleiki á samlegðaráhrifum við Þjóðarleikvang í knattspyrnu.
10. Annað sem mikilvægt þykir.

Vinnuhópur hefji störf 15. nóvember n.k. og skili af sér skýrslu og tillögum til ráðherra ásamt tímaáætlun fyrir 1. febrúar 2020.